

Frá siðanefnd Lí

Árið 2011, mánudaginn 26. september, kom siðanefnd Læknafélags Íslands saman á skrifstofu formanns í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík. Nefndina skipa Allan V. Magnússon, formaður, Hulda Hjartardóttir læknir og Stefán B. Matthíasson læknir.

Fyrir var tekið að leysa úr erindi Magnúsar Eric Kolbeinssonar sem með úrskurði nefndarinnar frá 9. júní sl. var áminntur fyrir brot á siðareglum lækna (Codex ethicus) og af því tilefni kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Í úrskurði siðanefndar Læknafélags Íslands frá 9. júní sl. var leyst úr þeirri kvörtun lækisins Skúla Bjarnasonar að Magnús Eric Kolbeinsson hefði haft um hann ummæli sem fælu í sér brot á siðareglum lækna. Niðurstaða nefndarinnar var að ósannað væri að Magnús hefði viðhaft ummæli þessi.

Hins vegar komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Magnús hefði gerst brotlegur við 13. og 22. gr. siðareglna lækna í málsvörn sinni vegna kvörtunar þeirrar sem til meðferðar var fyrir nefndinni.

Við meðferð málsins var þess ekki gætt að gefa Magnúsi kost á að andmæla, gera athugasemdir og bera af sér sakir vegna þessara atriða og er það slíkur megingalli á meðferð málsins fyrir siðanefndinni að óhjákvæmilegt er að fella úrskurðinn úr gildi hvað þennan þátt varðar og fella áminningu nefndarinnar niður.

ÚRSKURÐARORÐ

Úrskurður siðanefndar Læknafélags Íslands frá 9. júní sl. þar sem Magnús Eric Kolbeinsson læknir var áminntur fyrir brot á 13. og 22. gr. siðareglna lækna er felldur úr gildi. Áminning á hendur Magnúsi Kolbeinssyni er felld niður.

Allan V. Magnússon
Hulda Hjartardóttir
Stefán B. Matthíasson



Læknir – heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki auglýsir laust til umsóknar starf heilsugæslulæknis.

Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% stöðu auk vakta á heilsugæslu. Ráðning til skemmri tíma kemur einnig til greina.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Leitað er að læknum með víðtæka almenna reynslu. Sérfræðimenntun í heimilislækningum er æskileg. Áhersla er lögð á hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Nánari upplýsingar veitir Örn Ragnarsson, yfirlæknir heilsugæslu, orn@hskrokur.is sími 455-4000, gsm 847-5681 eða Hafsteinn Sæmundsson, forstjóri, sími 455-4000, gsm 895-6840.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist Hafsteini Sæmundssyni, forstjóra hafsteinn@hskrokur.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Í Skagafirði búa um 4300 manns og býður héraðið upp á fjölbreytta möguleika til búsetu. Atvinnulíf er fjölbreytt og mannlíf gott. Nálægð við fallega náttúru, góðir skólar á öllum skólastigum, góð íþróttaaðstaða og útivistarsvæði, ódýr hitaveita, fjölbreytt þjónusta og kröftugt menningarlíf gerir búsetu í Skagafirði eftirsóknarverða.